

Mál nr. 463/2011

M vegna bifreiðarinnar A

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs S

og

Vátryggingafélagið Y v/A

Skemmdir á bifreiðinni A sem unnið var við breytingu á.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 11.11. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins X til nefndarinnar, dags. 28.11. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélagsins Y til nefndarinnar, dags. 30.11. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Álitaefnuið er hvort S hafi gert mistök við val á efni sem notað var við smíði á drifskafi sem sett var í bifreið sem unnið var við breytingu á. Hvort S hafi verið þess valdandi að þegar verið var að reynsluaka bifreiðinni brotnaði drifskafið sem olli skemmdum á bifreiðinni.

A og Y gera kröfu til S að farið sé eftir viðurkenndum stöðlum varðandi lengd og efnisþykkt við smíði á drifsköftum. Á þessu hafi orðið misbrestur sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið X vísar til þess að S hafi fengið beiðni frá M um að lengja drifskafi líkt og oft áður. S hafi lengt drifskafið og afhent M sem sá um að setja það undir A sem unnið var við breytingar á hjá M. Er bifreiðin var í reynsluakstri gaf drifskafið sig. Engin viðhlítandi gögn hafi verið lögð fram sem sína að S hafi unnið umbeðið verk með röngum hætti eða öðruvísi en þeim var falið eða að tjónsatvikið sé að rekja til annarra atvika sem S ber skaðabótaábyrgð á.

Álit

Fyrirliggjandi málskot er óljóst og illa upplýsandi. Fjöldi gagna fylgir málskotinu sem ekki er gerð grein fyrir í samandregnu formi. Að teknu tilliti til umfjöllunar vátryggingafélaganna telst málskotið tækt til úrskurðar.

Með vísan til fyrirliggjandi gagna hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaskyldu S. Ekki hefur verið sýnt fram á að S hafi vanrækt skyldur sínar. Ofanritað er þrátt fyrir skriflega umfjöllun tjónaskoðunarmanns Y.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. desember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.